



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



HÓLABORG
HAMINGJA HEILBRIGÐI SJÁLFRÆÐI

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3 Innra mat Lóudeildar	9
4 Innra mat Spóadeildar	12
5 Innra mat Krummadeildar	16
6 Innra mat sérkennslu.....	19
5 Innra mat – fjöltyngd börn	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	26
8 Foreldrasamvinna	26
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	29
10 Fylgiskjöl.....	31
10.1 Fylgiskjal 1 Matsáætlun.....	31
10.2 Fylgiskjal 2 Umsögn foreldraráðs.....	33



Leiðarljós leikskólans

Kennum gott með góðu

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þróunarverkefnið Flæði og samþætting fór af stað á árinu og fyrirkomulag þess og áætlun gekk eftir þó að vissulega hafi stundum þurft að hliðra aðeins til og breyta vegna álags í leikskólanum af völdum Covid-19. Veigamesti þátturinn í endurmati leikskólans var á þessu verkefni og nú er búið að vinna lokaskýrslu um það sem var unnið að á síðastliðnu ári þar fram kemur margt forvitnilegt sem verður unnið með áfram. Við munum halda áfram samstarfi við blómaleikskólana, sem eru Engjaborg, Funaborg og Sunnufold, og Háskóla Íslands í þessu verkefni en við fengum áframhaldandi styrk til að fara í næsta hluta verkefnisins. Á næsta ári verður áherslan á þátttöku barna í leikskólastarfi. Þetta er spennandi þáttur í þessu verkefni og mun gefa okkur tækifæri til að leggja enn betur áherslu á virkni og áhrifamátt barnanna í starfinu. Auk þess munum við endurmeta okkur samkvæmt verkefninu þá verður lögð áhersla á að innleiða endurmat barna og festa það í sessi.

Þessi sami hópur, það er blómaleikskólarnir, hafa nú hafið undirbúningsvinnu fyrir Erasmus verkefni sem hópurinn fékk styrk fyrir.

Starfsfólk leikskólans fór í endurmenntunar ferð til Alicante í júní á námskeið á vegum Leikur að læra. Námskeiðin voru um nám í gegnum hreyfingu, skynjun og núvitund. Tilgangur ferðarinnar var að styrkja kennara leikskólans í að vinna að virkni, sjálfsefningu og félagsfærni barna, efla tilfinningagreind og hópefli.

Við þróuðum áfram Útifjör og höfum nú fjölgað þeim stundum í 2x í viku yfir sumartímann og 1x í viku yfir veturinn. Við munum halda áfram með þetta þróunarverkefni næsta ár. Útifjör ásamt stöðvaflæði og markvissum skráningum eru þættir sem hafa nú orðið að föstum liðum í dagskipulagi leikskólans og þrátt fyrir flókið og erfitt ár hafa þessir þættir haldist inni og þróast. Það eru margar skemmtilegar hugmyndir hjá starfsmannahópnum hvernig mætti þróa þessa þætti enn betur og þegar börnin okkar verða orðin fær í að endurmeta verður



gaman að þróa þetta áfram út frá því. Sem dæmi um vinsældir athafna á flæðisdögum er dans og tónlist orðin ómissandi stöð.

Litlar breytingar voru í starfsmannahópnum og starfsfólk í námi til uppeldis og mennta hélt áfram námi sínu. Samvinna og stöðugleiki voru þeir þættir sem studdu starfið áfram þegar áskoranirnar voru margar og starfið snúið. Einnig hafði þolinmæði og skilningur bæði hjá starfsfólki og foreldrum allt að segja fyrir starfið í leikskólanum og vellíðan okkar allra.

Mér fannst bæði hvetjandi og gaman að sjá hvernig leikurinn hélst vel inni sem mikilvægasta námsleið barnanna og frelsi til að velja fyrir sig varð ekki undir þegar ýmsu þurfti að breyta eða hagræða. Virkni hvers barns er mikilvæg en það er líka mikilvægt að virða þarfir þeirra hverju sinni. Það er hugrekki að hlusta á börn og heyra um leið það sem þau segja. Það er fallegt að sjá börnin leita í fangið hjá kennurum sínum að morgni, stundum opin og frásagnarglöð og stundum þögl.

Þá er ánægjulegt að sjá hvernig skilningur á endurmati og umbótaáætlun hefur aukist í starfsmannahópnum enda um grundvallarþætti að ræða til að þróa allt leikskólastarf, breyta því og bæta. Við Hólaborgarar erum tilbúnir í næsta skólaár með þá reynslu og þá nýju þekkingu sem við höfum öðlast yfir síðasta ár.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Þróunarverkefnið Flæði og samþætting - 1. Huti - Hlutverk kennara í leik barna	Stjórnendur fylltu út opinn spurningalista í upphafi verkefnis. Spurt var um hvað honum þætti mikilvægt að starfsfólk leikskólans hefði í huga varðandi, annars vegar hlutverk sitt í leik barna og hins vegar hugmyndir barna í daglegu starfi. Í lok verkefnis var sambærilegur spurningalisti lagður fyrir og greint hvað hefur breyst í ferlinu. Á sameiginlegum fundi blómaleikskólanna. Starfsfólki var skipt í blandaða hópa og allir svöruðu spurningalistum. Svörin voru skrifuð á miða og síðan unnið úr þeim.	Allir starfsmenn	Fræðslan styrkti deildarstjórana í fræðunum og gott að fá gott lesefni. Þeim gafst tækifæri til að hugsa upp á nýtt hvað mætti styrkja og hverju mætti breyta - betri skilningur af hverju þarf að breyta. Kveikti áhugann á leiknum og jók samræður um leikinn sem mikilvægustu námsleið barna. Aukinn skilningur á skráningum og flæði. Starfsfólki fannst vanta tíma til að eiga samræður innan leikskólans um þetta verkefni og að það hefði þurft að vera betri kynning inn á deildunum og meiri miðlun reglulega. Einnig spilaði covid-19 inn í og það gat verið erfitt að manna deildirnar til að starfsmenn kæmust á fræðslufundina vegna manneklu.
Útifjör / útinám framhald. Virkni barna og þátttaka og virkni starfsfólks og þátttaka	Spurningalistar fyrir starfsfólk og lýðræðislegar samræður við börnin.	Starfsmenn og börn	Útifjör hefur fallið vel í kramið bæði hjá börnum og starfsfólki. Það hefur hvatt starfsmenn til að bjóða upp á meiri fjölbreytni í útiveru og vera opnara fyrir nýjum og öðruvísi viðfangsefnum. Útifjör er núna 2x í viku yfir



			sumartímann og 1x í viku yfir vetrartímann. Virkja betur allt starfsfólk í útifjöri, hafa reglulegri fundi fyrir útifjörsteymi til skipulagningar, fjölga gönguferðum og hvetja til meiri áræðni og frumkvæðis.
--	--	--	---



Ytra mat

Ekki var gert ytra mat á starfi Hólaborgar þetta skólaár.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Þróunarverkefni B-hluti. Flæði og samþætting- 2. Hluti; Þátttaka barna í leikskólastarfi. Endurmat barna.	Börnin séu virk í leikskóla- starfinu. Börnin öðlist færni í að endurmeta og koma sínum sjónarmiðum á framfæri, hafi rödd í hópnun.	Fræðsla um endurmat barna á starfsdegi. Mánaðarleg fræðsla fyrir deildar-stjóra með blóma-skólunum og fræðsla á deildar-fundum/ starfs-manna-fundum fyrir allt starfsfólk. Útbúnað leiðbeiningar fyrir endurmat barna fyrir hverja deild fyrir sig.	Allt starfs-fólk og börn.	Sept. 2022	Mai 2023	Gögnum safnað allt árið. Samantekt og lýðræðislegar samræður á deildar- og starfsmanna-fundum. Spurninga-listar.	Starfsfólk kynnist margvíslegum aðferðum og leiðum til að nálgast sjónarmið barna og til að virkja áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik. Verklag um endurmat fyrir hverja deild. Afurðir gerðar aðgengilegar á vef mennta-stefnu Reykjavíkur-borgar. Skýrsla gerð fyrir árið. Grein í ritrýndu tímariti.
Þróunarverkefni A-hluti. Útifjör framhald	Útifjör verði fastur liður í útinámi í Hólaborg. Starfsmenn sýni frumkvæði og séu virkir á útisvæði. Boðið verði upp á fjölbreyttar áskoranir og verkefni.	Útifjör verði 2x í viku yfir sumarið og 1x í viku yfir veturinn. Boðið upp á mismunandi stöðvar í útifjöri. Áætlun gerð um ferðir út fyrir leikskólann.	Úti-fjörsteymi.	Sept. 2022	Mai 2023	Gögnum safnað allt árið. Vikulegar skráningar á hvað er boðið upp á í útifjöri. Lýðræðislegar samræður á deildar- og starfsmanna-fundum og samantekt á niðurstöðum. Spurninga-kannanir. Endurmat með börnunum, gert verklag fyrir hverja deild.	Fjölbreytni hafi aukist í útinámi barnanna. Starfsmenn séu virkir og börnin hafi rödd/áhrif á hvað er boðið upp á. Útbúinn bæklingur um útifjör.



Hópastarf	Hópastarf með fjölbreyttum viðfangsefnum verði fastur liður í dagskipulagi leikskólans. Könnunar-aðferðin fest í sessi á Krummadeild.	Gerð verður samantekt á núverandi verklagi á hópastarfi á hverri deild og kynnt fyrir hinum deildunum. Hugmynda-banki útbúinn þar sem koma fram hugmyndir að viðfangsefnum í hópastarfi.	Deildar-stjórar.	Sept. 2022	Apríl 2023	Allt starfsfólk á deildar-fundum og starfsdegi.	Starfsfólk hafi kynnt sér bæklinga og glærur sem til eru um hópastarf í Hólaborg. Könnunar-aðferðin verði virk á Krummadeild. Til verði nýtt og endurmetið verklag um hópastarf á öllum deildum. Hugmynda-banki.
Þátttaka foreldra í leikskóla-starfinu	Þátttaka foreldra í leikskóla-starfinu endurmetin. Foreldrar fá tækifæri til að taka meira þátt í starfinu.	Skilgreina hvernig þátttöku foreldra í starfinu skuli háttað.	Stjórn-enda-teymi.	Sept 2022	Jan 2023	Metið á teymisfundi stjórnenda með lýðræðis-legum samræðum, með spurningalista og með könnun til foreldra.	Ný samantekt verði útbúin um viðburði og þátttöku foreldra í leikskóla-starfinu.



3 Innra mat Lóudeildar

Aðlögun nýrra barna um haustið var með sama sniði og árið áður vegna covid-19 takmarkana. Við þurftum að takmarka aðgengi inn í leikskólann og í stað þátttökuaðlögunar þar sem foreldrar eru með börnum sínum í leikskólanum þrjá heila daga komu foreldrar með börnum sínum inn í leikskólann í tvo tíma í einu á hverjum degi í fjóra daga og börnin borðuðu hádegismat og fóru í hvíld án foreldra. Í upphafi skólaársins einbeittum við okkur að því að kynnast börnunum og lögðum áherslu á að börnin yrðu örugg í leikskólanum og gætu verið þau sjálf. Líkt og árin áður tókum við ekki þátt í flæði og söngfundum fyrstu vikunnar til þess að börnin yrðu alveg örugg á deildinni áður en þau færu um allan leikskólann. Aðlögun barnanna gekk það vel að börnin voru mjög fljótt tilbúin að taka þátt og þegar að því kom voru börnin orðin mjög örugg og tilbúin að skoða leikskólann. Aldursbil barnanna var eins og árið áður, tveir árgangar 2019 og 2020. Við höfum lagt mikla áherslu á frjálsan leik barnanna og það sem þau læra í leik, samhliða leik, samleik og samskipti í leik. Í daglegu starfi er gefinn tími til þess að sinna daglegum þörfum hvers og eins án asa. Mikill tími er gefinn til að æfa sjálfræði, hvort sem það er við matarborðið, í fataherbergi eða annarsstaðar og mikil áhersla er á að börnin reyni að gera sjálf. Börnin fá að leika sér frjálts og ráða með hvað þau leika og leikefni sem hentar þeirra aldri er í aðgengilegri hæð og þau geta náð í það sjálf. Markmið næsta vetrar er að starfsfólk hjálpi börnunum að þróa frjálsa leikinn enn frekar og kveiki á hugmyndum í leik með því að fylgjast með í leik og taka þátt.

Lagt var upp með hópastarf tvisvar í viku og hreyfistund einu sinni í viku en vegna aðstæðna í húsi gekk það ekki alltaf upp. Í hópastarfi var börnunum skipt upp í hópa eftir aldri. Í hópastarfinu var lögð áhersla á þemað „líkaminn“ einu sinni í viku og Lubbi finnur málbein einu sinni í viku. Í Lubbastundum voru Lubbakassar sóttir, málhljóðin skoðuð og tengd við nöfn og hluti og hlustað var á Lubbalög. Auk Lubba-stundanna var valinn Lubbastjóri vikunnar sem gerði verkefni um málhljóð vikunnar með starfsmanni og sýndi hinum börnunum málhljóðið í lok vikunnar. Ásamt Lubbastundum eru málhljóð barnanna á hólfunum þeirra, málhljóð starfsmanna á vegg, við æfum okkur í málhljóðum á hverjum degi og Lubbi er sýnilegur á deildinni. Lubbi finnur málbein er efni sem við viljum hafa áfram á deildinni og festa í sessi og verður það að festa Lubba í sessi eitt af markmiðum næsta vetrar.



Lesi átti fyrir hvert barn að minnsta kosti einu sinni á dag samkvæmt umbótaáætlun en erfiðlega hafði gengið að finna hentugan tíma. Í vetur gekk ágætlega að finna leiðir til að lesa fyrir börnin, lestrarstundir ganga vel og bækur eru alltaf aðgengilegar börnunum. Það vantar þó upp á málörvun á deildinni í daglegu starfi og því verður málörvun í umbótaáætlun fyrir næsta vetur. Einnig ætlum við að bæta við Gefðu 10 þar sem hver starfsmaður á 10 mínútna samtal/samskipti daglega (10x1, 5x2...) við börn sem þurfa á auka málörvun að halda. Með því að gefa 10 er verið að örva málþroska, auka samskipti og fjölga námstækifærum.

Þáttur barna Lóudeildar í endurmati á starfi deildarinnar og leikskólans er að starfsfólk fylgist með virkni barnanna og tilfinningum þeirra gagnvart því sem metið er. Ef börnin eru virk í starfinu og glöð og ánægð teljum við að þeim líki það sem fram fer.

Baldvina Björk Jóhannsdóttir (kom úr fæðingarorlofi í apríl 2022)

Unnur Dögg Ómarsdóttir (leysti deildarstjóra af mars 2021 - apríl 2022)



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að nýta daglegt starf til málörvunar.	Leggja áherslu á málörvun í daglegu starfi. Leggja orð á athafnir barna, tala við börn um það sem er að gerast hverju sinni, lesa bækur og syngja lög.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildar- innar fram- kvæmir.	Ágúst 2022	Maí 2023	Rýnihópar. Rætt á deildarfundum.	Að allar daglegar athafnir séu nýttar til málörvunar.
Gefðu 10	Að auka málörvun í daglegu starfi.	Hver starfsmaður á 10 mínútna samtal/ samskipti daglega (10x1, 5x2...) við börn sem þurfa á auka málörvun að halda. Hver starfsmaður merkir við á skráningar- blaði þegar hann hefur lokið 10 mínútum á dag.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildar- innar fram- kvæmir.	Strax	Maí 2023	Skráningarblað. Rýnihópar. Metið á deildarfundum. Rætt hver þarf auka málörvun og hversu lengi.	Að þau börn sem fengu auka 10 hafi öðlast betri málþroska. Hægt að skoða skráningarblöð og sjá hversu vel þau voru fyllt út.
Lubbi finnur málbein	Að festa Lubba í sessi.	Halda áfram að nota Lubba á sama hátt og hefur verið gert (stundir og stjóri) auk þess að virkja Lubba meira í daglegu starfi.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildar- innar fram- kvæmir.	Ágúst 2022	Maí 2023	Rýnihópar.	Að Lubbi sé sýnilegur á deildinni. Að börnin þekki Lubba og að efnið nýtist þeim. Að starfsfólk þekki Lubba vel og geti unnið með hann.
Þróa frjálsa leikinn	Að starfsfólk taki þátt í leikjum og starfi til að aðstoða börnin við að þróa leikinn og kveiki á hugmyndum.	Vera á gólfinu með börnunum og fylgjast með þeim, taka virkna þátt án þess að stýra leiknum og aðstoða þau við að þróa leikinn.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildar- innar fram- kvæmir.	Ágúst 2022	Maí 2023	Rýnihópar. Rætt á deildarfundum.	Að starfsfólk sé virkt í leik með börnunum.





4 Innra mat Spóadeildar

Síðasta skólaár hófst á aðlögun barna á milli deilda, það gekk bæði vel að aðlaga börn á deildina sem og þau sem fóru frá okkur á eldri deild. Við gáfum okkur tíma til að kynnst börnunum áður en hefðbundið vetrarstarf hófst. Lagt var upp með hópastarf þrisvar sinnum í viku á morgnana og flæði á milli deilda tvo morgna í viku. Það fór þó svo að minna varð úr hópastarfinu þennan veturinn og vék það oft fyrir manneklu sem einkenndi veturinn okkar. Börnunum voru þó ávallt skapaðar góðar námsaðstæður í gegnum leik og einkenndist veturinn okkar af miklum frjálsum leik. Frjálsi leikurinn var því áfram í hávegum hafður í starfi deildarinnar. Við svæðaskiptum deildinni og börnin velja sér í leik eftir því hvar þau vilja vera, með hverjum þau vilja vera og með hvaða efnivið þau vilja leika sér með. Ég tel frjálsa leikinn mjög mikilvægan fyrir börn, hef ávallt lagt mikla áherslu á hann og finnst mér nauðsynlegt að gefinn sé góður tími og rými fyrir hann í daglegu starfi deildarinnar.

Þetta skólaárið stóð til að vinna með verkefnið „Bókin að heiman“ og „Bókin heim“ en vegna kórónuveirufaraldurs töldum við það ekki vænlegt að fara með bækur á milli heimila og skóla. Undir vor ákváðum við að fara í gang með „Bókin að heiman“, börnin höfðu gaman af og nutu þau sín að koma með bók að heiman, með þessu vonumst við til að ýta undir lestur barna bæði heima og í leikskólanum. Verkefnið verður áfram í umbótaáætlun deildarinnar með örlítið breyttu sniði frá fyrra ári. Einnig er uppi hugmynd að börnin á deildinni meti verkefnið eftir að þau koma með bók í leikskólann, sem myndi einnig enda sem skráning í ferilmöppunni þeirra.

Lubbi finnur málbein er verkefni sem við viljum festa í sessi í starfi deildarinnar. Lubbi hefur að vissu leyti festi í starfi deildarinnar og er hvert tækifæri nýtt í vinnu með málhljóðin og táknin. Lubbi er sýnilegur á deildinni og þegar börnin sýna Lubba áhuga er tækifærið ávallt gripið. Hvert barn á sitt Lubba tákn sem finna má á hólum barnanna. Í samverustundum eru Lubbalög sungin og farið yfir nokkur málhljóð og tákn þeirra. Hvert barn átti að fara í Lubbastund einu sinni í viku þar sem unnið væri markvisst með ákveðin málhljóð og átti það að vera hluti af hópastarfinu en þar sem það féll mikið til niður í vetur þá var ekki farið nógu oft í Lubbastundir. Lubbi finnur málbein er því áfram í umbótaáætlun næsta vetrar.

Hlutverk sem börnin fá að sinna á deildinni hafa dottið út síðustu skólaár, það sama var þetta skólaárið. Hlutverk barnanna voru aðeins virkjuð á vormánuðum og sinnir eitt barn á dag hlutverki veðurfræðings. Á komandi skólaári leggjum við upp með að hefja hlutverkin að nýju og ætlum við að byrja á að fækka hlutverkunum úr fjórum í þrjú. Börnin munu því sinna hlutverki bókaorms, veðurfræðings og endurvinnara. Við teljum það mikilvægt fyrir börn að fá hlutverk, að þau fái tækifæri til að æfa samvinnu og bera ábyrgð.

Í umbótaáætlun síðasta skólaárs var skipulagt að vinna með leikskráningar og gekk það vel. Deildarstjóri setti upp skipulag fyrir starfsmenn þar sem börnunum var skipt á starfsmenn deildarinnar og var hver starfsmaður ábyrgur fyrir skráningu fyrir þau börn. Starfsmenn höfðu um það bil tvo mánuði til að gera skráningu fyrir þau börn sem þeir voru ábyrgir fyrir, skipulagið rúllaði svo og næst fengu starfsmenn önnur börn til að gera skráningu fyrir. Síðasta haust merkti ég ferilmöppurnar með mynd af hverju barni á kjölinn á þeirra ferilmöppu, það skilaði sér í betri umgengni um möppurnar. Börnin eru áfram áhugasöm um sína möppu og njóta þess að skoða þær og rifja upp atvik, atburði eða annað. Þessi þáttur verður áfram í umbótaáætlun deildarinnar svo að leikskráningar festist í daglegu starfi deildarinnar.

Unnið var að því að fjölga tækifærum barnanna til gönguferða og að það myndi festast í sessi í starfi deildarinnar. Það gekk ekki eins og best hefði verið á kosið en stefnt var að því að hvert barn færi einu sinni í mánuði í gönguferð, það gekk ekki eftir. Farið var þó í fleiri gönguferðir en skólaárið á undan og munum við því halda áfram að stefna að því að hvert barn fari að minnsta kosti einu sinni í mánuði í gönguferð. Næsta skólaár verður skýrara



skipulag yfir hvenær hvert barn á að fara í gönguferð. Börnunum verður því skipt í hópa og skipulagt að í ákveðinni viku hvers mánaðar skuli þau fara í gönguferð.

Hildur Grétarsdóttir



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innileikskráningar	Að bæta og fjölga innileikskrá- ningum.	Grípa tækifærið þegar það gefst. Starfsfólk verður ábyrgt fyrir ákveðnum skráningum og fær stuðning frá deildar- stjóra.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildar- innar fram- kvæmir.	Sept. 2022	Júní 2023	Metið út frá fjölda skráninga í ferilmöppu barnanna ásamt rýnihóp. Rætt á deildarfundum.	Að hvert barn hafi a.m.k. þrjár leik- skrán- ingar í möppunni sinni eftir veturinn.

Hlutverk	Virkja og sinna þremur hlutverkum barnanna á deildinni, bókaormur, veðurfræðingur og endurvinnari.	Hlutverkin hafa verið skilgreind af starfsfólki deildarinnar og hverju er áætlað að ná fram með þeim.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2022	Júní 2023	Rýnihópur. Rætt á deildarfundum, skráningarblað skoðað og rætt.	Að öll börn sinni öllum hlutverkum reglulega yfir veturinn, skráningarblað skoðað.
Bókin að heiman Bókin heim	Verkefninu er sinnt tvisvar sinnum yfir skólaárið, okt/nóv og mars/apríl.	Sameina verkefnið á þann hátt að sama dag og barn kemur með bók í leikskólann fer það heim með bók úr bókasafni leikskólans. Virkja starfsfólk til að framfylgja verkefninu.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Okt. 2022	Apríl 2023	Rýnihópur.	Að öll börn komi með bók í leikskólann og að öll börn fari heim með bók úr leikskólannum til láns.
Gönguferðir	Að fjölga gönguferðum og stefna að því að þær festist í starfi deildarinnar.	Þjóða hverju barni að fara í gönguferð a.m.k. einu sinni í mánuði og notast við skráningarblað um hverjir fara hverju sinni. Gera skýrt skipulag yfir hvenær hvert barn fer í gönguferð.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2022	Júní 2023	Skráningarblað og rýnihópar. Rætt á deildarfundum.	Að hvert barn hafi farið einu sinni í mánuði í gönguferð yfir skólaárið.
Lubbi finnur málbein	Að Lubbi festist í sessi í starfi deildarinnar.	Hvert barn fer einu sinni í viku í Lubbastund. Lubba kassar teknir inn á deild og unnið með þá. Þegar börnin sýna Lubba áhuga er tækifærið gripið.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2022	Júní 2023	Rýnihópar, rætt á deildarfundum.	Að börnin þekki Lubba og að efnið nýtist þeim. Að starfsfólk þekki Lubba vel og geti unnið með það.





5 Innra mat Krummadeildar

Ég tók við deildinni tímabundið í maí vegna veikindaleyfis deildarstjóra og mun sinna stöðunni fram á haust.

Í umbótaáætlun síðasta árs voru umbótaþættirnir eftirfarandi: Hlutverk barna- ábyrgð sem leið í sjálfræði, endurmat barna, skráningar og innlögn á Lubba. Misjafnlega gekk að innleiða þessa umbótaþætti í starfið í vetur. Það stafar af ýmsu en má þar helst nefna veikindaleyfi deildarstjóra. Umbótaþættir frá síðasta skólaári voru endurmetnir á deildarfundi og ákveðið hvort halda skyldi áfram með þá eða skipta út fyrir aðra.

Börnunum hefur liðið vel í vetur og hafa staðið sig vel við leik og störf. Elstu börnin tóku þátt í verkefnum eins og Barnamenningarhátíð og Sofnað að hausti, vaknað að vori. Yngri árgangur fór í heimsókn í Náttúrufræðistofu Kópavogs og saman fóru öll börnin í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn. Frjálsa leiknum var gert hátt undir höfði í vetur ásamt sköpun og lestri.

Sigga Jasonardóttir



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk	Hlutverk barnanna nái að festa sig í sessi og sé sinnt af öllu starfsfólki deildarinnar.	Deildarstjóri býr til skipulag fyrir hlutverk. Byrjað verður á innleiðingu þegar aðlögun milli deilda er lokið. Bætum við 1-2 hlutverkum eftir áramót t.d. bókaormur, endurvinnari eða snyrttimeistari.	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2022	Mái 2023	Skráningar í ferilmöppu, skráningarblað og deildarfundir.	Skráningarblað og skráningar sýna að öll börn hafi sinnt hlutverki umsjónarmanns og veðurfræðings reglulega yfir skólaárið.
Bókin að heiman/ Bókin heim	Að verkefninu sé sinnt tvisvar sinnum yfir árið í okt/nóv og mars/apríl.	Deildarstjóri býr til skráningarblað. Starfsfólk taki virkan þátt í að fylgja verkefninu eftir.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Okt. 2022	Apríl 2023	Skráningarblað og metið á deildarfundum.	Að öll börn komi með bók í leikskólann og að öll börn fari með bók heim úr leikskólanum.
Gönguferðir	Að fara reglulega í gönguferðir um nærumhverfið og festa þær í sessi í menningu og starfi deildarinnar.	Að hvert barn fari a.m.k. einu sinni í mánuði í gönguferð og haldið verði utan um það með skráningum.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2022	Mái 2023	Skráningarblað og deildarfundir.	Að öll börn hafi farið einu sinni í mánuði í gönguferð á tímabilinu sept. 2022- maí 2023.

Innleiða Lubba í hópastarf	Innleiða Lubbi finnur málbein í starf deildarinnar.	Hvert barn fari einu sinni í viku í Lubbastund í hópastarfi. Gera Lubba meira sýnilegan á deildinni. Syngja Lubba lögin.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2022	Mái /júní 2023	Deildarfundir og rýnihópar	Að starfsfólk þekki Lubbaefnið og geti unnið með það. Að börnin þekki Lubba og efnið nýtist þeim.
Skráningar	Að allt starfsfólk deildarinnar taki ábyrgð á skráningum.	Deildarstjóri býr til skipulag fyrir skráningar. Starfsfólki verði úthlutað ákveðnum skráningum, gert ábyrgt fyrir þeim og njóti stuðnings deildarstjóra við gerð þeirra. Athuga með að skipa skráningarstjóra.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept. 2022	Mái/júní 2023	Metið út frá skráningar- og skipulagsblaði starfsfólks og fjölda skráninga í möppu. Rætt á deildarfundum.	Að allt starfsfólk deildarinnar ljúki þeim skráningum sem þeim var úthlutað.



6 Innra mat sérkennslu

Veturinn 2021-2022 nutu þrjú börn í Hólaborg sérstuðnings. Auk þess höfðu mörg börn þörf fyrir viðbótar málörvun. Sérkennslustjóri lagði fyrir skimanir t.d. Efi-2, Hljóm-2 og Íslenska máhljóðamælinn. Málörvun fór fram í öllu starfi leikskólans og var meðal annars unnið að því að gera notkun á Gefðu 10 að daglegum þætti deildanna. Sérkennslustjóri sá um að fylla út tilvísanir og beiðnir til þjónustumiðstöðvar í samráði við deildarstjóra og foreldra. Einnig sá sérkennslustjóri um að gera einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérstuðnings í samráði við stuðningsaðila. Við notuðum AEPS lista fyrir nokkur börn og unnum eftir ráðleggingum frá hegðunarráðgjafa, sálfræðingum, talmeinafræðingum og sérkennsluráðgjöfum. Sérkennslustjóri sat teymisfundi og deildarstjórafundi og einnig deildarfundum þegar þörf var á. Ráðgjöf til starfsmanna var veitt á deildarfundum og í daglegu starfi eftir þörfum. Síðastliðinn vetur voru mikil veikindi og fjarvera starfsfólks og sinnti því sérkennslustjóri töluverðri afleysingu inni á deildum. Vegna veikinda deildarstjóra sá sérkennslustjóri um foreldrasamtöl fyrir elstu börnin og skilafundi í grunnskólana.

Í vetur var unnið að því að setja upp málörvunar- og leikhópa. Það gekk ágætlega að setja upp hópa en svo gekk upp og ofan að halda áætlun. Halda átti skráningar um það hvað var gert eftir hvern hópatíma en það reyndist erfitt að halda utan um það. Sérkennslustjóri er að skoða hvernig væri best að útfæra það. Annar umbótaþáttur síðasta árs var að gera *Gefðu 10* að daglegum þætti í starfi deildanna. Það gekk ágætlega að koma því af stað á einni deildinni en á hinum tveimur gekk það verr. Þessir tveir þættir verða báðir hafðir áfram í umbótaáætlun næsta árs.

Friðbjörg Gísladóttir



Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022	Stuðningur fór fram inni á deildum eins mikið og hægt var. Nokkur börn fengu einnig einstaklingsþjálfun og/eða þjálfun í litlum barnahópi. Við studdumst við einstaklingsáætlanir og skráningar í þjálfunarstundum.
Hvaða matsgögn voru notuð?	AEPS, Hljóm-2, Efi-2, Íslenski málhljóðamælinn, Orðaskil, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn.
Hvaða námsefni var notað?	Við notuðum ýmis námsgögn t.d. Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein og Ljáðu mér eyra. Við notuðum einnig mikið verkefni sem búin hafa verið til í leikskólanum. Einnig voru notaðar félagshæfnisögur og orðaforðabækur sem fara milli heimilis og leikskóla.



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvunar og leikhópar	Að þau börn sem á þurfa að halda fá auka málörvun/ leikþjálfun.	Sérkennslu- stjóri fundar með deildar- stjórum. Farið yfir hvaða börn þurfa auka málörvun/ leikþjálfun. Skipt í hópa. Ákveðið hvort sérkennslu- stjóri sjái um hópana eða deildarstarfs- menn.	Sérkennslu- stjóri og deildar- stjórar.	Sept. 2022	Maí 2023	Farið yfir niðurstöður Efi- 2 og Hljóm-2 að hausti og vori. Aðrar skimanir notaðar eftir þörfum. AEPS listi fylltur út fyrir þau börn sem það hentar. Skráningar eftir hvern málörvunar/ leikþjálfunar- tíma. Sérkennslu- stjóri útfærir skráningar- blöð.	Börnin sýni framfarir á þeim þáttum sem verið er að örva samkvæmt þeim skimunum sem gerðar eru í leikskólanum.
Gefðu 10	Að koma markvissri vinnu af stað með Gefðu 10 fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.	Deildarstjóri ákveður í samráði við deildarstarfs- menn og sérkennslu- stjóra hvaða börn fá Gefðu 10 hverju sinni. Útbúin skráningarblöð.	Sérkennslu- stjóri og deildar- stjórar.	Sept. 2022	Maí 2023	Skráningarblöð og umræður.	Að Gefðu 10 verði daglegur hluti af starfi deildanna.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað í laun starfsmanns og til að kaupa námsefni
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)?	Það er markviss málrækt í öllu daglegu starfi. Orð eru sett á athafnir og útskýringar á orðum eftir þörfum og stöðu hvers barns. Við erum með litla leshópa þar sem bækur eru valdar út frá stöðu barnanna í hópnum. Unnið er að því að gera Gefðu 10 að daglegum þætti á öllum deildum. Við styðjumst við málræktarmarkmið Hólaborgar og leggjum áherslu á þátttöku allra og að allir hafi rödd í hópnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?	Við leggjum áherslu á að vinna út frá áhugasviði barnanna og dýpkum orðaforðann út frá því. Kennarar fara inn í leik barnanna til að auðga orðaforðann. Unnið er með málið í hópastarfi, samverustundum og lestrarstundum, þar sem ýmislegt er gert til að dýpka orðaforða barnanna. Vinna með Lubba námsefnið hefur aukist mikið í vetur og verður unnið enn frekar að því að festa það í sessi næsta skólaár.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?	Við notum skráningar og skimanir. Það eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir öll börnin og ef þörf er á eru notuð önnur skráningarform t.d. AEPS listi, Orðaskil og Einn leikskóli, mörg tungumál. Hvert barn á ferilmöppu þar sem einnig er hægt að fylgjast með þroskaferli þess.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við leggjum áherslu á að allir séu virkir þátttakendur í daglegu starfi í leikskólanum. Unnið er með alla þætti máls, bæði í frjálsum leik, í hópastarfi, flæði, samverustundum og öllu daglegu starfi. Við notum ýmis kennslugögn til aðstoðar. Ritmál er haft sýnilegt, notast við myndrænt skipulag, unnið með Lubba og alls konar verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Við byggjum á áhuga og styrkleikum hvers barns fyrir sig og byggt er ofan á það sem þau kunna nú þegar.





Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Notkun á Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.	Að unnið verði út frá hæfni- römmum fyrir fjöl- tyngd börn til að meta stöðu þeirra í íslensku og styðja við framfarir.	Fyllt verði í skráningar- blöð hæfniramma fyrir fjöltyngd börn. Hæfni- rammarnir hafðir til hliðsjónar þegar hópastarf og samveru- stundir eru skiplagðar.	Tengiliður fjölmenn- ingar og deildar- stjórar.	Haust 2022	Vor 2023	Starfsmenn fari yfir skráningar- blöð Hæfni- rammana hjá hverju barni fyrir sig á deildar- fundum.	Börnin sýni framfarir samkvæmt skráningum í Hæfni- rammana.



6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Helstu áherslur í fræðslu munu tengjast áframhaldandi vinnu við innleiðingu menntastefnunnar, 2. hluti verkefnisins Flæði og samþætting sem ber heitið *Þátttaka barna í leikskólastarfi*. Frá hausti og fram á vor verður mánaðarleg fræðsla samkvæmt eftirfarandi skipulagi.

<u>Ágúst</u>	<u>Börn hæf og sterk?</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>
<u>September</u>	<u>Af hverju að hlusta á börn?</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>
<u>Október</u>	<u>Virk þátttaka barna í leikskólastarfi</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>
<u>Nóvember</u>	<u>Aðferðir til að hlusta á börn</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>

<u>Janúar</u>	<u>Hvað segja börn?</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>
<u>Febrúar</u>	<u>Áhrifamáttur barna</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>
<u>Mars</u>	<u>Þátttaka barna í innra mati</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>
<u>Apríl</u>	<u>Endurmat og samantekt á vetrinum</u>	<u>Fræðsla og umræður</u>	<u>2 klukkustunda fundur með deildarstjórum</u>

Starfsdagar verða tileinkaðir ítarlegri vinnu á þessum þáttum og fræðslu um endurmat barna. Auk þess verða tveir starfsmannafundir, í október og apríl, tileinkaðir þessu verkefni. Þá er á áætlun að starfsfólk fari á Ráðstefnu um yngstu börn leikskólans og starfsfólk fái fræðslu um útinám til stuðnings við þróunarverkefni okkar *Útifjör*.

Árið 2020 fengu Blómaleikskólarnir Erasmus styrk fyrir námsferðum út fyrir landsteinana. Nú er komið að því að láta reyna á að fara í þessar ferðir eftir að hafa frestað þeim í 2 ár. Þetta eru 32 ferðir og er ætlunin að senda 1-2 starfsmenn frá hverjum leikskóla á hvert námskeið. Með þessu viljum við efla leiðtogaþæfni, skapa virkt lærdómssamfélag og styrkja það samstarf sem þegar hefur verið byggt upp á milli skólanna. Námskeiðin eru:

“Enough theory, let’s play! Fun games for developing the whole child”.

The Finnish Approach to Children with Special Needs: Promoting Learning and Growth.

Stjórnunarnámskeið - “Leading in complex surroundings”.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna í Hólaborg og samstarfsskóli okkar.

Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum og séu öruggari þegar kemur að byrjun grunnskólagöngu. Í vetur fengu börnin kynningu á skólanum þar sem þau fengu að ganga um skólann, skoða bókasafnið, snillismiðjuna, skólastofurnar o.fl. Ekki náðist að fara í heimsókn í kennslustund eins og til stóð vegna Covid-19 takmarkana. Börnin sem nú eru í 1. bekk í Hólabrekkuskóla komu í tvær heimsóknir í leikskólann, eina þar sem þau léku inni og aðra þar sem leikið var úti.

Hólaborg hefur verið í samstarfi við ÍR og er elstu börnunum boðið í íþróttahúsið við Austurberg einu sinni í viku þar sem þjálfari sér um íþróttatíma. Lítið varð úr þessum heimsóknum í vetur bæði vegna Covid-19 takmarkana og því að ekki fékkst þjálfari hjá félaginu. Við bindum vonir við að þetta verkefni gangi betur næsta vetur.

Að vori er skilafundur milli leikskóla og grunnskóla þar sem deildarstjóri elstu barna hittir kennara fyrsta bekkjar og þar eru ræddar þarfir og staða barnanna í námi og þroska, áhugasvið og styrkleikar barnanna koma fram ásamt niðurstöðum úr skimunum. Í ár sá sérkennslustjóri um þessi skil.

Við munum halda áfram samstarfi við blómaleikskólana við innleiðingu á menntastefnunni. Hólaborg er einnig í góðu samstarfi við Suðurborg og Hraunborg um ýmsa þætti í leikskólastarfinu eins og að hafa sameiginlega starfsdaga, sameinast á fyrirlestra og fræðslu og taka saman rútu á viðburði. Í vor fór starfsfólk Hólaborgar og Suðurborgar saman í vel heppnaða námsferð til Alicante.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili leikskólans og framlag þeirra vegur þungt. Starfað er eftir handbók um foreldrasamstarf þar sem lögð er áhersla á samskiptastefnu Hólaborgar þau samskipti sem vega hvað þyngst eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann og í foreldrasamtölum við deildarstjóra. Það er mikilvægt að leita lausna í samskiptum við fjölskyldur sem ekki eiga

sameiginlegt tungumál með okkur og stuðla þannig að auknum samskiptum og auknum skilningi á mögulegum menningarmun.

Allar fjölskyldur eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um barnið sitt og leikskólastarfið svo þær geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu. Fjölskyldan hefur mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku. Upplýsingar eru veittar í tölvupósti, í gegnum Völu, með símtölum, túlkapjónustu, notkun samskiptabóka og á facebook-síðu foreldrafélagsins og ekki síst með skráningum og myndum úr starfinu. Einnig fara upplýsingar og auglýsingar á hurðir á þeim tungumálum sem leikskólinn hefur burði til að setja fram hverju sinni. Í starfsmannahóp Hólaborgar eru tvítýngdir starfsmenn sem deila sama tungumáli með nokkrum börnum í leikskólanum. Það hefur eflt móðurmál þeirra barna og oft auðveldað samskipti við foreldra.

Markmið Hólaborgar með fjölskyldusamstarfi :

- Að allir upplifi sig velkomna í Hólaborg
- Að kynnast fjölskyldum hvers barns og að allir fái sömu upplýsingar
- Að fjölskyldan taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár barnsins
- Að fjölskyldum finnist þær geta leitað eftir aðstoð, upplýsingum og stuðningi
- Að fjölskyldan sé hvött til dádá
- Að fjölskyldan hafi áhrif á leikskólastarfið



Í Hólaborg er þátttökuaðlögun, þá eru foreldrar með barninu sínu í leikskólanum í þrjá daga og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólki með foreldrum sínum og saman öðlast þau traust. Foreldrar kynna barnið fyrir starfsfólki leikskólans og sýna því hvernig það hefur hagað hlutunum og segir frá styrkleikum barnsins, áhugasviðum og þörfum. Foreldrar barnanna sem eru í aðlögun kynnast hvort öðru og öðlast sameiginlega reynslu. Á fjórða degi kveður foreldri barnið sitt og næstu dagar eru mögulega í styttra lagi, allt eftir líðan barnsins. Áður en aðlögun hefst er foreldrum og barni boðið í fyrstu kynni. Þar fá þau tækifæri til að hitta þá sem koma til með að vera með barninu, skoðað deildina og fá upplýsingar um leikskólann og starfsfólk fær að hitta barnið og foreldra þess.

Foreldrafundur er í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið er kynnt. Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í annað þeirra. Foreldrasamtöl að hausti eru á öllum deildum í okt. og nóv. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsnámskrá og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir TRAS, Efi-2 og Hljóm-2 þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns. Foreldrasamtöl að vori eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins. Foreldrasamtöl að vori fyrir elsta árganginn eru í apríl. Farið er yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla.

Foreldrafélag er starfandi í Hólaborg. Þeir foreldrar sem velja að vera í foreldrafélaginu borga ákveðna upphæð á ári og foreldrafélagið býður börnunum upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann. Fastir viðburðir hafa verið sveitaferð, glaðningur frá jólasveini, jólasveinn á jólaball, leiksýning og hoppukastalar. Lögð er áhersla á að nota þá peninga sem safnast í uppákomur fyrir þau börn sem eru í leikskólanum en ekki safna þeim í sjóð. Foreldrafélagið er með læsta facebook-síðu og þar kemur fram ýmislegt sem er á dagskrá og bryddað upp á umræðuefnum.





Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráð sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist einu sinni til tvisvar á önn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið ábendingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni. Hlutverk foreldraráðs er að gefa leikskólanum umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu og fjallar ekki um málefni einstakra barna.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólinn á 6 skipulagsdaga á ári. Skólaárið 2022 - 2023 er áætlað að þeir verði dagana 22. september, 21. nóvember, 09. desember, 6. febrúar 17. mars og 10. maí. Þrír skipulagsdagar eru á sama tíma og í Hólabrekkuskóla.

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MÁJ			JÚNÍ		
1 M	Frídagur veislufermana	1 F	1 L	1 P	1 F	1 F	Fullveldisdagurinn	1 S	Myrisdagur	1 M	Deldarfundur	1 L	1 M	Deldarfundur	1 L	1 M	Veisluádagurinn	1 M	Teymsfundur	1 M	Veisluádagurinn	1 F	Samsöngur									
2 P		2 F	2 S	2 M	2 F	2 F		2 M		2 F	Samsöngur	2 F	2 F	Samsöngur	2 F	2 F	Þráðaförin	2 P	Teymsfundur	2 S	Þráðaförin	2 F	Þráðaförin									
3 M		3 L	3 M	3 F	3 L	3 L		3 F	Samsöngur	3 L		3 L	3 F	3 F	3 F	3 F	Þráðaförin	3 M	Teymsfundur	3 M	Þráðaförin	3 L	Þráðaförin									
4 F	Opnar eftir sumarkvön	4 S	4 P	4 F	4 S	4 S		4 M		4 L	Deldarfundur	4 L	4 L	4 L	4 L	4 L	Þráðaförin	4 P	Teymsfundur	4 P	Teymsfundur	4 S	Samsöngur									
5 F		5 M	5 M	5 L	5 M	5 M		5 F	Samsöngur	5 S		5 S	5 S	5 S	5 S	5 S	Þráðaförin	5 M	Deldarfundur	5 M	Deldarfundur	5 M	Þráðaförin									
6 L		6 P	6 F	6 S	6 P	6 P	Teymsfundur	6 F	Þráðaförin	6 M	Deldarfundur	6 M	6 M	6 M	6 M	6 M	Þráðaförin	6 F	Síðdagur	6 F	Síðdagur	6 L	Þráðaförin									
7 S		7 M	7 F	7 M	7 M	7 M		7 L		7 L	Teymsfundur	7 P	7 P	7 P	7 P	7 P	Þráðaförin	7 P	Teymsfundur	7 F	Þráðaförin	7 S	Þráðaförin									
8 M		8 F	8 L	8 P	8 F	8 F		8 S		8 S	Teymsfundur	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	Þráðaförin	8 M	Deldarfundur	8 L	Þráðaförin	8 F	Þráðaförin									
9 P	Adölgun hefst	9 F	9 S	9 M	9 F	9 F		9 M		9 F	Deldarfundur	9 F	9 F	9 F	9 F	9 F	Þráðaförin	9 P	Teymsfundur	9 S	Þráðaförin	9 F	Þráðaförin									
10 M		10 L	10 M	10 F	10 L	10 L		10 F		10 F	Fundur Flæð og samþ.	10 F	10 F	10 F	10 F	10 F	Þráðaförin	10 M	Samsöngur	10 M	Samsöngur	10 L	Samsöngur									
11 F		11 S	11 P	11 F	11 S	11 S		11 M		11 L	Deldarfundur	11 L	11 L	11 L	11 L	11 L	Þráðaförin	11 P	Teymsfundur	11 P	Teymsfundur	11 S	Þráðaförin									
12 F		12 M	12 M	12 L	12 M	12 M		12 F		12 S		12 S	12 S	12 S	12 S	12 S	Þráðaförin	12 M	Deldarfundur	12 M	Deldarfundur	12 M	Þráðaförin									
13 L		13 P	13 F	13 S	13 P	13 P	Teymsfundur	13 F		13 M		13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	Þráðaförin	13 L		13 F	Samsöngur	13 L	Þráðaförin									
14 S		14 M	14 F	14 M	14 M	14 M		14 L		14 L	Teymsfundur	14 P	14 P	14 P	14 P	14 P	Þráðaförin	14 S		14 F	Samsöngur	14 S	Þráðaförin									
15 M		15 F	15 L	15 P	15 F	15 F		15 S		15 M	Deldarfundur	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	Þráðaförin	15 M		15 L		15 F	Þráðaförin									
16 P		16 F	16 S	16 M	16 F	16 F		16 M		16 F		16 F	16 F	16 F	16 F	16 F	Þráðaförin	16 P	Teymsfundur	16 S	Þráðaförin	16 F	Þráðaförin									
17 M		17 L	17 M	17 F	17 L	17 L		17 F		17 F	Teymsfundur	17 F	17 F	17 F	17 F	17 F	Þráðaförin	17 M		17 M		17 L	Þráðaförin									
18 F		18 S	18 P	18 F	18 S	18 S		18 M		18 L	Deldarfundur	18 L	18 L	18 L	18 L	18 L	Þráðaförin	18 F		18 P	Teymsfundur	18 S	Þráðaförin									
19 F		19 M	19 M	19 L	19 M	19 M		19 F		19 S		19 S	19 S	19 S	19 S	19 S	Þráðaförin	19 F		19 M		19 M	Þráðaförin									
20 L		20 P	20 F	20 S	20 P	20 P	Teymsfundur	20 F		20 M	Deldarfundur	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	Þráðaförin	20 L		20 F	Samsöngur	20 L	Þráðaförin									
21 S		21 M	21 F	21 M	21 F	21 F		21 L		21 P	Teymsfundur	21 L	21 P	21 P	21 P	21 P	Þráðaförin	21 S		21 F		21 S	Þráðaförin									
22 M	Skólaeining grunnskóla	22 F	22 L	22 M	22 F	22 F		22 S		22 M	Deldarfundur	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	Þráðaförin	22 L		22 L		22 F	Þráðaförin									
23 P		23 F	23 S	23 M	23 F	23 F		23 M		23 F	Deldarfundur	23 F	23 F	23 F	23 F	23 F	Þráðaförin	23 P		23 S		23 F	Þráðaförin									
24 M		24 L	24 M	24 F	24 M	24 M		24 L		24 P	Teymsfundur	24 P	24 P	24 P	24 P	24 P	Þráðaförin	24 M		24 M		24 L	Þráðaförin									
25 F		25 S	25 P	25 F	25 S	25 S		25 M		25 L	Deldarfundur	25 L	25 L	25 L	25 L	25 L	Þráðaförin	25 F		25 P		25 S	Þráðaförin									
26 F		26 M	26 L	26 M	26 F	26 F		26 L		26 M	Deldarfundur	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	Þráðaförin	26 F		26 M		26 M	Þráðaförin									
27 L		27 P	27 F	27 S	27 L	27 L		27 F		27 M		27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	Þráðaförin	27 L		27 F		27 L	Þráðaförin									
28 S		28 M	28 F	28 M	28 F	28 F		28 L		28 P	Teymsfundur	28 P	28 P	28 P	28 P	28 P	Þráðaförin	28 S		28 F		28 M	Þráðaförin									
29 M		29 F	29 L	29 P	29 F	29 F		29 S		29 M	Deldarfundur	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	Þráðaförin	29 L		29 L		29 F	Þráðaförin									
30 P		30 F	30 S	30 M	30 F	30 F		30 M		30 L	Deldarfundur	30 L	30 L	30 L	30 L	30 L	Þráðaförin	30 P		30 S		30 F	Þráðaförin									
31 M			31 M	31 P	31 L	31 L		31 P		31 F	Laugardagur	31 F	31 F	31 F	31 F	31 F	Þráðaförin	31 M		31 L		31 M	Þráðaförin									

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Matsáætlun Leikskólaárið 2022-2023		Áherslupættir: Innleiðing Menntastefnu A og B hlutar - Félagshæfni og sjálfræði. Þátttaka barna í leikskólastarfi. Útinám – Útifjör framhald Úr námskrá – Hópastarf og foreldrasamstarf		
Hvað	Hvenær og hvernig	Hverjir taka þátt í matinu	Viðmið um árangur	
Þróunarverkefni B hluti - Flæði og samþætting Þátttaka barna í leikskólastarfi – endurmat barna. -	Gögnum safnað allt árið, samantekt og lýðræðislegar samræður á deildar- og starfsmanna-fundum og með spurningarlistum	Allt starfsfólk og börn	Að starfsfólk kynnist margvíslegum aðferðum og leiðum til að nálgast sjónarmið barna og til að virkja áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik. Verklag fyrir hverja deild um endurmat barna Afurðir verða gerðar aðgengilegar í verkfærakistu á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar. Skýrsla fyrir árið Grein í ritrýndu tímariti.	
Þróunarverkefni A hluti - Útinám – Útifjör framhald	Skráningum safnað allt árið og samantekt og lýðræðislegar samræður á deildar- og starfsmanna -	Allt starfsfólk og börn	Að starfsfólk verði virkt við skráningar í útifjöri. Að útifjör verði 2x í viku á sumrin og 1x yfir veturinn.	

	fundum og Útiförsteymi rýnir		Að búin verði til bæklingur um útifjör	
Námskrá - Hópastarf	Gerð samantekt á núverandi verklagi á hópastarfi á deildarfundum í haust og endurmat á því með lýðræðislegum samræðum og kynnt fyrir hinum deildunum	Allt starfsfólk	Nú þegar eru til bæklingur og glærur um hópastarf í Hólaborg, starfsfólk kynni sér það efni vel. Könnunaraðferðin verði virk á Krummadeild. Til verði endurmetið og nýtt verklag um hópastarf á öllum deildum	
Námskrá - Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	Á teymisfundi stjórnenda með lýðræðislegum samræðum og spurningarlista og með könnun til foreldra	Stjórnendateymi og foreldrar	Ný samantekt um viðburði og þátttöku foreldra í leikskólastarfi	

F. h. leikskólans Hólaborgar

Sigrún Grétarsdóttir

Leikskólastjóri

30.6.2022

Dagsetning



Starfsáætlun 2022 – 2023

Hólaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Linda Björk Pétursdóttir

Linda Hrönn Hermannsdóttir



Eins og í fyrra þá hafði Covid-19 einhver áhrif á starfið í Hólaborg en eins og áður þá ríkti ró yfir Hólaborg og viðmót starfsmanna við börn og foreldra voru afslöppuð og fagleg.

Að mati foreldraráðs kemur allt skýrt fram í starfsáætlun Hólaborgar sem þar á að vera fyrir utan ytra mat sem ekki var gert að þessu sinni. Okkur hugnast vel uppsetning starfsáætlunarinnar og má þar sérstaklega nefna umbótaáætlanir hverrar deildar sem og sérkennslu og fjölmenningu. Áhersla hefur verið lögð á að örva málþroska og koma fram góðar leiðir til að framfylgja því. Áætlanirnar eru skýrar og auðlesnar og ættu að vera gott og auðskilið vinnuskjal til að vinna eftir.

Formið sem notast er við innra mat er ítarlegt og skilvirkt. Innra mat er gífurlega mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og því teljum við að þetta form muni tvímælalaust stuðla að bættu skólastarfi og hjálpa kennurum að gera þá vinnu, sem hefur farið fram, sýnilegri. Bæði fyrir sig og aðra.

Áfram er áhersla á frjálsan leik, flæði og útifjör og nú bætist við enn meiri áhersla á útifjör. Einnig hefur áhersla á dans og tónlist orðið meiri sem hefur skilað sér í þori og frumkvæði barnanna.

Þörfum barnanna hefur verið vel mætt. Kennarar hafa lagt áherslu á að hlusta á börnin og heyra hvað þau eru að segja með því að mæta þeim þar sem þau eru að hverju sinni. Þannig hefur samband kennara og barnanna blómstrað. Haldið verður áfram að vinna með þetta í mánaðarlegri fræðslu leikskólans fram í Febrúar.

Ánægjulegt er að sjá að Hólaborg og blómaleikskólarnir í samstarfi við Háskóla Íslands hafi fengið áframhaldandi styrk fyrir þróunarverkefni en áherslan núna næsta ár verður þátttaka barna í leikskólastarfi.

Ánægjulegt að starfsfólk hafi getað farið í námsferð á námskeið á vegum Leikum og læra sem og hópefli. En litlar breytingar voru á starfsfólki á síðasta ári sem verður að teljast jákvætt. Þó hefur einhver mannekla haft áhrif á ýmsa þætti, en reyndu starfsfólk að gera það besta úr með því að hagræða starfinu. Einnig er ánægjulegt að starfsfólk hafi haft tækifæri til að halda áfram að mennta sig þrátt yfir skrítna Covid tíma.

Linda Björk Pétursdóttir

Linda Hrönn Hermannsdóttir

